Fullgild rafræn undirskrift
KATRÍN HELGA HALLGRÍMSDÓTTIR
Kennitala: 111276-4639
2024-06-04 14:20:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRÓLFUR SIGURÐSSON
Kennitala: 230862-7619
2024-06-04 16:58:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
LÚÐVÍK ÖRN STEINARSSON
Kennitala: 080768-4359
2024-07-11 14:09:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Persónuverndarstefna Ísafold Capital Partners hf.

Starfsemi Ísafold Capital Partners hf. kt. 531109-2790, Klapparstíg 29, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „Félagið" eða „ÍCP") felst í að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Í þessu felst meðal annars nauðsynleg vinnsla persónuupplýsinga.

Persónuverndarstefnan er byggð á ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Ábyrgðaraðili

ÍCP er „ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga og ber því ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar þínar eru geymdar og notaðar. Félaginu er því skylt samkvæmt persónuverndarlögum að gera þér grein fyrir þeim upplýsingum sem fram koma í persónuverndarstefnunni.

ÍCP er með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða sbr. lög nr. 45/2020. ÍCP starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Tilgangur vinnslu og lagagrundvöllur

Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem þeir hafa óskað eftir og uppfylla þannig þann samning sem felst í viðskiptasambandi.

Persónuupplýsingar eru einnig unnar til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á félaginu í tengslum við starfsemi þess, svo sem vegna ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti, ákvæði laga um fjáramálafyrirtæki, ákvæði bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til eftirlitsaðila eða annarra opinberra aðila.

Félagið vinnur einnig persónuupplýsingar við mat á áhættu, hvort sem ræðir innri starfsemi félagsins eða beint við viðskiptaákvarðanir í tengslum við viðskiptasamband við viðskiptavin.

Hyggist ÍCP vinna persónuupplýsingar frekar og í öðrum tilgangi en lá til grundvallar við söfnun þeirra, og þess sem getið var að framan, verður viðkomandi aðili upplýstur um þann tilgang áður en vinnslan hefst, eftir því sem við á

Persónuupplýsingar sem ÍCP vinnur

Þær tegundir persónuupplýsinga sem ÍCP vinnur með eru meðal annars:

Upplýsingar sem viðskiptavinur veitir við kaup á vörum eða þjónustu: Unnið er með persónuupplýsingar þegar viðskiptavinur stofnar til viðskiptasambands við félagið. Félagið fær upplýsingar beint frá viðskiptavini, úr kerfum félagsins, frá þriðju aðilum eða úr opinberum gögnum.

Samskipti við viðskiptavini: Félagið þjónustar viðskiptavini í gegnum ýmsar samskiptaleiðir.

Þær upplýsingar sem félagið þarf að óska eftir vegna laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á hverjum tíma: Félaginu er skylt að þekkja viðskiptavini sína og framkvæma áhættumat. Við stofnun viðskiptasambands þurfa allir viðskiptavinir að fara í gegnum áreiðanleikakönnun. Í ákveðnum tilfellum þurfa viðskiptavinir að fara í gegnum aukna áreiðanleikakönnun. Félaginu er skylt að viðhafa eftirlit með viðskiptasambandinu.

Geymslutími gagna

ÍCP varðveitir persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur samkvæmt þeim lögum og reglum sem við eiga í starfsemi félagsins hverju sinni, eða eins lengi og lögmætir hagsmunir félagsins krefjast og málefnaleg ástæða gefur tilefni til. Málefnaleg ástæða er til staðar ef enn er unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra eða vegna viðskiptalegra hagsmuna félagsins, t.d. til þess að afmarka, setja fram og verja kröfur ÍCP. Af framangreindu leiðir að mismunandi varðveislutími getur átt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga.

Miðlun persónuupplýsinga

ÍCP mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema félaginu sé það skylt samkvæmt lögum eða dómsúrskurði. Viðskiptavinur getur heimilað ÍCP afhendingu persónuupplýsinga.

Þegar ÍCP afhendir upplýsingar til vinnsluaðila sem vinna upplýsingar og/eða verkefni á þeirra vegum þá hvílir á þeim vinnsluaðila sama þagnarskylda og hvílir á ÍCP og starfsmönnum þess.

Félagið miðlar almennt ekki persónuupplýsingum utan EES. Við sérstakar ástæður kann félagið að miðla upplýsingum utan EES vegna sérstakra aðstæðna sem fram koma í 49. gr. reglugerðarinnar.

Öryggi persónuupplýsinga

ÍCP tryggir öryggi persónuupplýsinga m.a. með því að meta áhættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu, t.d. hættu á að óviðkomandi fái aðgang að upplýsingunum eða þær skemmist eða verði eytt og að beita ráðstöfunum til að stemma stigu við slíkri hættu. Þær öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannauðsöryggi, rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá er til staðar innra eftirlit hjá ÍCP með ofangreindu ásamt því að félagið endurskoðar áhættumatið sitt og viðbrögð reglulega.

ÍCP mun tilkynna viðskiptavinum án ótilhlýðilegrar tafar ef það kemur upp öryggisbrot er varðar persónuupplýsingarnar þeirra, sem hefur í för með sér mikla áhættu fyrir þá. Með öryggisbroti í framangreindum skilningi er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar persónuupplýsinga sem eru sendar, varðveittar eða unnar á annan hátt, eða að þær glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

Réttindi viðskiptavinar

Einstaklingar eiga rétt á því að fara fram á aðgang að persónuupplýsingunum sínum. Við tilteknar aðstæður eiga þeir einnig rétt á að þær séu leiðréttar, þeim eytt eða vinnsla þeirra sé takmörkuð að einhverju leyti. Þá eiga einstaklingar einnig rétt á að kvarta til Persónuverndar.

ÍCP hefur sett sér stefnu og reglur um meðferð kvartanna og gilda þær jafnt um persónuupplýsingar sem og önnur málefni í starfsemi ÍCP. Reglur þessar má finna á heimasíðu ÍCP http://www.isafoldcp.is.

Uppfærsla persónuverndarstefnu

ÍCP er heimilt að breyta þessari persónuverndarstefnu og bæta við hana hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Slíkar breytingar kunna t.d. að vera gerðar til að samræma persónuverndarstefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni.

Nánari upplýsingar

ÍCP hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa sem mun hafa umsjón og eftirlit með persónuverndarmálum félagsins. Óskir þú eftir frekari upplýsingum um meðferð persónuupplýsinga starfsmanna eða hvernig ÍCP vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við persónuverndarfulltrúa. Samskiptaupplýsingar hans er að finna hér að neðan:

Kristinn Helgi Guðjónsson

netfang: kristinn@isafoldcp.is

Þannig samþykkt af stjórn Ísafoldar Capital Partners hf. þann dags. 04.06.2024.